



Nefndarsvið Alþingis

Austurvelli

101 Reykjavík

Akranesi, 26. febrúar 2019

1902204 SFB/sas

Efni: Umsögn bæjarstjórnar Akraness um Heilbrigðisstefnu ríkisins til ársins 2030.

Bæjarstjórn Akraness fagnar því að þingsályktunartillaga um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sé komin fram og markmiðum tillögunnar sem eru að landsmenn allir eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem tök eru á að veita á hverjum tíma til að vernda andlega, líkamlega og félagslega heilsu fólks.

Bæjarstjórn Akraness vekur athygli á þingsályktunartillögu númer 114 frá árinu 2017 en þar segir m.a. að við gerð heilbrigðisstefnu skuli taka tillit til íbúapróunar á starfssvæðum heilbrigðisstofnunar og að litið sé til þess hvort sóknarfæri séu í því að nýta auð sjúkrarými á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og létta þar með álagi af Landspítala. Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum þingheims og vísað til þáverandi heilbrigðisráðherra.

Í þessu samhengi bendir bæjarstjórn Akraness á að íbúum á Akranesi hefur fjölgað um 780 frá árinu 2011 og íbúar Akraness eru nú 7436. Það er því mikið hagsmuna- og öryggismál að Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi sé eflað og þjónustustig hennar aukið. Bæjarstjórn Akraness bendir einnig á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi sé í einungis 45 mínútna akstursfjarlægð frá Landspítala og því sé tilvalið að gera hana að varasjúkrahúsi fyrir Landspítalann.

Bæjarstjórn Akraness leggur jafnframt mikla áherslu á að þau 15 biðrými sem eru á E deild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi verði gerð að varanlegum rýmum.

Umsögnin skal send velferðarnefnd Alþingis og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Bára Daðadóttir

Bára Daðadóttir

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Elsa Lára Arnardóttir

Elsa Lára Arnardóttir

Kristinn H. Sveinsson

Kristinn Hallur Sveinsson

Ólafur Adolfsson

Ólafur Adolfsson

Rakel Óskarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Ragnar B. Sæmundsson

Ragnar B. Sæmundsson

Sandra M. Sigurjónsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Valgarður L. Jónsson

Valgarður L. Jónsson

